

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umhverfisvænar veiðar.

Frá Álfheiði Eymarsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert úttekt á hagkvæmni þess að auka hlut umhverfisvænni veiða en togveiða, svo sem strandveiða, krókaveiða og línuveiða, í ljósi þess að íbúar vestrænna þjóða kjósa af umhverfisverndarástæðum að kaupa annan fisk en togarafisk? Ef svo er, hverjar voru niðurstöður úttektarinnar?
2. Hefur ráðuneytið gert úttekt á verðmun á fiski á mörkuðum erlendis eftir veiðarfærum og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?
3. Hefur ráðuneytið gert úttekt á efnahagslegum áhrifum strandveiða, krókaveiða og línuveiða á byggðir landsins og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?
4. Hefur farið fram faglegt mat á áhrifum frjálstra handfæraveiða á efnahag, byggðaðþróun og vernd fiskstofna og ef svo er, hverjar voru niðurstöður matsins?

Skriflegt svar óskast.